

Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 200/1990. **Eric Earnest Burgeson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Brauðbæ

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Verksamningur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1990. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 702.000 krónur með 4,1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 211.000 krónum frá 16. september 1988 til 30. sama mánaðar, 2,8% dráttarvöxtum af 394.000 krónum frá þeim degi til 4. október 1988, sömu vöxtum af 702.000 krónum frá þeim degi til loka þess mánaðar, með 27,6% ársvöxtum fyrir nóvembermánuð 1988 og 24% ársvöxtum fyrir desembermánuð 1988, en með 21,6% ársvöxtum frá 1. janúar 1989 til 28. febrúar sama ár og 24% frá þeim degi til 31. mars sama ár, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, þó þannig, að á hverju 12 mánaða tímabili bætist dráttarvextir fyrir það tímabil við höfuðstól og beri sömu dráttarvexti og hann, í fyrsta sinn 16. september 1989. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að kominn hafi verið á fullgildur samningur milli aðila málsins um ræstingu í Viðeyjarstofu. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir þeim tvennum drögum að samningi, sem fyrir liggja í málinu. Síðari drögin höfðu að geyma ýmsar breytingar frá hinum fyrri, að því er varðaði umfang og tilhögun verksins. Er upplýst, að þær breytingar voru gerðar að frumkvæði stefnda. Þar var og í fyrstu gert ráð fyrir 5 klukkustundum á dag sem hámarkstíma til verksins, eins og verið hafði í fyrri drögum. Áfrýjandi breytti síðan einhliða tímafjöldanum

þannig, að hámarkstími varð 15 klukkustundir að með töldum ferðatíma. Í hvorum tveggja drögunum var gert ráð fyrir því, að endurgjald fyrir hverja klukkustund væri 1000 krónur.

Þegar virt eru framangreind samningsdrög og það, sem fram hefur komið um tilurð þeirra, verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að fyrir hafi legið samkomulag um fjölda vinnustunda við ræstingu dag hvern. Á hinn bóginn hefur stefnda ekki tekist að hrekja þá fullyrðingu áfrýjanda, að af hálfu beggja hafi verið við það miðað, að endurgjald fyrir hverja klukkustund skyldi vera 1000 krónur. Ber því við það að miða.

Viðbrögð stefnda við kröfugerð áfrýjanda urðu þau að fá Helga G. Þórðarson verkfræðing til að gera tímamælingu á ræstingu í Viðeyjarstofu, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjanda var í lófa lagið af þessu tilefni að fá dómkvadda matsmenn til að meta verk sitt og renna stoðum undir kröfugerð sína. Þetta gerði hann ekki. Þykir því eðlilegt, að um tímafjölda verði byggt á mælingu verkfræðingsins, sem er eina haldbæra gagnið í málinu um þetta efni, en niðurstaða hans varð sú, að umrætt verk tæki sex klukkustundir og þrjá stundarfjórðunga á dag að meðaltali. Reikningsgerð áfrýjanda í málinu er fyrir 33 daga, þ. e. frá 1. september til 3. október 1988. Verður vinnustundafjöldinn á því tímabili þannig 222 klukkustundir og 45 mínútur. Þar við ber að bæta 33 klukkustundum vegna ferða, svo að í heild ber að greiða 1000 krónur fyrir 255 klukkustundir og 45 mínútur, samtals 255.750 krónur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans, að því er varðar endurgjald fyrir tímabilið 18. til 31. ágúst 1988, svo og um sýknu stefnda af kröfu áfrýjanda um bætur fyrir ólögmdæta brottvikningu.

Dráttarvextir verða dæmdir á framangreinda fjárhæð eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Brauðbær, greiði áfrýjanda, Eric Earnest Burgeson, 255.750 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. nóvember 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 6. apríl 1989, af Eric Earnest Burgeson, Síðumúla 21, Reykjavík, kt. 290955-7779, á hendur firmanu Brauðbæ, Óðinstorgi, Reykjavík, kt. 520165-0299, en f. h. firmans er stefnt Bjarna Ingvari Árnasyni, Haukanesi 23, Garðabæ, til greiðslu skuldar og skaðabóta, að fjárhæð 702.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæð ber dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst að beiðni stefnda hafa tekið að sér ræstingarstörf í Viðey og hafið þau 18. ágúst 1988. Kveðst hann áður hafa unnið hjá stefnda um alllangt skeið við ræstingar og hreingerningar, og hafi stefnda því verið kunnugt um hæfni sína, starfsaðferðir, vandvirkni og samvisku-semi. Kveðst hann hafa unnið sem verktaki. Starfslok hafi orðið 3. október 1988, en sér hafi verið fyrirvaralaust vísað úr starfi. Er hann hóf störf, hefði verið nokkuð á reiki, hvað stefnandi ætti að vinna. Gerð hefðu verið tvenn drög að vinnusamningi. Í hinum síðari er tekið fram, að vinnutilhögun verði tilgreind nánar, þegar reynsla liggi fyrir. Telur stefnandi, að þessi reynsla hafi legið fyrir, þegar hann framvísaði reikningi fyrir tímabilið 18.-31. ágúst 1988, að fjárhæð 146.000 kr.

Stefndi hafi greitt reikning þennan í tvennu lagi, 13. september 1988 70.000 kr. og 20. s. m. 76.000 kr. Hafi þessar greiðslur báðar verið inntar af hendi athugasemda- og fyrirvaralaust af hálfu stefnda. Engar nánari skilgreiningar hafi verið gerðar á vinnutilhögun. Verði þessi framkoma stefnda ekki skilin á annan veg en þann, að þar með hafi fullt samkomulag orðið með aðilum um það, hvern veg skyldi staðið að umræddu starfi stefnanda og hvert endurgjaldið skyldi vera. Engum andmælum hafi heldur verið hreyft, þegar stefnandi framvísaði reikningi sínum fyrir tímabilið 1.-15. september 1988, að fjárhæð 211.000 kr. Stefndi hafi dregið að greiða, og hafi stefnandi ekki talið það óeðlilegt miðað við dráttinn á greiðslu fyrsta

reikningsins. Var óbreytt vinnutilhögun stefnanda þegin áfram athugasemdalaust sem og fyrir tímabilið 16.-30. september 1988, en við framvísun reikningsins fyrir það tímabil, að fjárhæð 183.000 kr., kveðst hann hafa gert ákveðna kröfu um, að fyrri reikningur yrði greiddur. Hafi það verið 3. október 1988, en þá hafi hann unnið dagana 1.-3. október 1988. Stefnandi segir, að þegar þessi ákveðna krafa um greiðslu hafi komið fram af sinni hálfu, hafi sér umsvifalaust verið vísað á dyr og sagt að koma ekki aftur. Hafi þetta atvik orðið í skrifstofu stefnda við Óðinstorg 3. október 1988, er hann hafði lokið störfum fyrir stefnda þann dag. Telur stefnandi, að hér hafi verið um fyrirvaralausan brottrestur úr starfi að ræða, og hafi hann orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Kveður hann starfa þann, er hann tók að sér í Viðey, hafa reynst það tímafrekan, að hann hafi orðið að losa sig við öll önnur verkefni, sem hann þá hafi haft með höndum, enda hafi þá þegar komið fram í samtölum, að þarna væri um framtíðarstarf að ræða, og af fyrri kynnum sínum hafi stefnandi enga ástæðu haft til þess að draga í efa þessar yfirlýsingar stefnda. Það hafi verið sérstakt við þennan vinnustað, að yfir sjó hafi verið að sækja. Hafi sér verið vísað á ferðir með þeim aðila, sem séð hafi um flutninga á fólki og varningi að og frá Viðey. Stefnandi kveðst hafa haft samband við þennan aðila og fengið þær upplýsingar, að engar fastar áætlunarferðir væru út í Viðey, en farið væri að jafnaði um tíuleytið að kvöldi. Væri óvarlegt fyrir stefnanda að treysta á síðari ferð þangað. Kveðst stefnandi því jafnan hafa farið með þessari ferð, enda hafi með engu móti mátt bregðast, að hann hefði lokið störfum sínum, áður en gestir kæmu þar næsta dag um hádegi. Hafi stefndi allan tímann vitað um þessa tilhögun og verið henni algjörlega samþykkur, og sama hafi átt við um ferð stefnanda til lands að afloknu starfi sínu, en það hafi ekki verið fyrr en báturinn kom næsta dag, sem hafi getað verið á ýmsum tímum, allt eftir því, hvernig stóð á í landi og hvern veg gestakomu háttaði þann dag. Beri stefnda að greiða allan þann kostnað, sem af þessum sérstöku aðstæðum á vinnustað leiði, enda hafi það út af fyrir sig aldrei sætt andmælum af hálfu stefnda. Af þessu sé ljóst, að vinna stefnanda hafi að nær öllu leyti verið unnin að nóttu til, enda hafi endurgjald það, sem aðilar hafi orðið sammála um í drögunum, að sjálfsögðu miðast við þá staðreynd.

Stefnandi kveður hina fyrirvaralausú brottvísun hafa komið sér mjög illa. Ekkert hafi verið á lausu, og hafi stefnandi því verið tekjulaus með öllu. Áætla hann tjón sitt vegna þessa 270.000 kr. Hefur hann áætlað, að hefði hann starfað áfram hjá stefnanda, hefði hann farið í átján skipti út í Viðey og haft í endurgjald 270.000 kr. Sé hér í raun um mjög lága áætlun að ræða, ekki síst þegar þess sé gætt, að á tímabilinu 18.-31. ágúst hafi stefnandi farið alla daga nema einn til vinnu í eyjunni, alla daga september-

mánaðar svo og alla daga októbermánaðar, sem liðnir voru, þegar sér hafi verið vikið úr starfi. Sé kröfu sinni að þessu leyti því mjög í hóf stillt.

Dómkrafa stefnanda sé þannig fram sett: Störf fyrir tímabilið 1.-15. september 211.000 kr., fyrir tímabilið 16.-30. s. m. 183.000 kr., fyrir tímabilið 1.-3. október 38.000 kr. og loks bætur vegna ólögmatrar brottvikningar, 270.000 kr. Samtals nemi þessar fjárhæðir stefnukröfunni, 702.000 kr.

Stefnandi kveður kröfu sína setta fram með vísan til laga nr. 28/1930, laga nr. 7/1936, nr. 16/1958 (sic) og nr. 25/1987.

Stefndi hafi verið krafinn um greiðslu með bréfum, dags. 28. október 1988 og 22. nóvember s. á., en greiðslu hafi verið hafnað af hálfu stefnda með bréfi, dags. 1. des. 1988. Í svarbréfinu segi, að fenginn hafi verið verkfræðingur til að meta kostnað við þrif á Viðeyjarstofu. Mat þetta sé augljóslega unnið eftir einhliða upplýsingum stefnda, enda hafi við framkvæmd þess ekki verið gætt þeirrar lágmarksskyldu að gefa stefnanda kost á því að leggja þar orð í belg, því að sér hafi ekki verið tilkynnt um mat þetta.

Stefnandi telur, að drög þau að vinnutilhögun, sem lögð hafa verið fram í málinu, með þeim breytingum, sem stefnandi hafi gert á þeim, hafi orðið grundvöllur samnings aðila um störf stefnanda. Hafi þetta verið staðfest með hinum nákvæmlega sundurliðaða reikningi stefnanda, sem stefndi hafi síðan greitt athugasemdalaust. Verði að telja, að stefnda hafi verið ljóst, að stefnandi hafi álitnið, að með þessu væri kominn á samningur um starfs-sviðið, tilhögun verksins og endurgjald fyrir það. Stefnda hafi því borið skylda til, ef hann hafi viljað framkvæmd starfans með einhverjum öðrum hætti, að tjá stefnanda það án dráttar, en hann hafi enga athugasemd gert. Með því að þiggja athugasemdalaust áframhaldandi vinnu stefnanda hafi stefndu augljóslega skuldbundið sig til þess að greiða sér áfram í samræmi við fyrsta reikning sinn, sem greiddur hafi verið án athugasemda eða óska um breytta tilhögun.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að er stefndi hafi hafið veitinga-rekstur í Viðey 18. ágúst 1988 í samvinnu við Reykjavíkurborg, hafi stefndi spurt stefnanda, hvort hann vildi taka að sér ræstingar í Viðey. Hafi honum jafnframt verið tjáð, að líklega yrði töluvert að gera í ágúst og ef til vill í september. Um veturinn yrði veitingastaðurinn ekki opinn nema þá hugsanlega um helgar og þegar Reykjavíkurborg óskaði. Hafi stefnandi samþykkt þegar í stað að taka að sér ræstingarnar. Honum hafi jafnframt verið tjáð, að umfang þeirra væri ekki þekkt og því ekki vitað, hvað greitt yrði fyrir þær. Hins vegar ætti að vinna ræstingarnar í dagvinnu, eins og kostur væri. Hafi stefnanda í því sambandi verið kynntur samningur stefnda við Reykjavíkurborg þess efnis, að borgin ábyrgðist, að starfsfólk og aðföng

yrðu flutt til og frá eyinni. Einnig hafi stefndi afhent stefnanda drög að samkomulagi um ræstingar í Viðey, dskj. nr. 3, sem byggð hafi verið á hugmynd stefnanda um greiðslur. Stefnandi hafi síðan hafið störf 18. ágúst 1988. Strax í byrjun september 1988 hafi stefnandi komið með reikning sinn á dskj. nr. 5. Þvert á venju hafi honum ekki verið greiddur reikningurinn, heldur hafi verið gerð athugasemd við fjárhæð hans. Hafi stefnanda jafnframt verið sagt, að til stæði að láta verkfræðing gera úttekt á því, hvað greiða ætti fyrir ræstingarnar. Stefnandi hafi komið að meðaltali einu sinni á dag til að vitja um greiðslu, og hafi honum loks verið greitt inn á reikninginn 13. september 1988 70.000 kr. Hafi honum verið tjáð við það tækifæri, að ekki væri verið að samþykkja reikninginn, enda væri hann óeðlilega hár, og næði fjárhæð hans raunar ekki nokkurri átt. Hafi honum jafnframt verið bent á, að reikningur sem þessi stæðist enga kjarasamninga né sanngirni. Stefnandi hafi komið áfram daglega og sagt, að sig vantaði sárlega peninga. Ekki hafi verið ætlunin að greiða honum afgang reikningsins, en starfsstúlka stefnda hafi samt gert það í góðri trú 20. september 1988. Það hafi verið tveir starfsmenn stefnda, fjármálastjóri og framkvæmdastjóri, sem báðir hefðu mótmælt fjárhæð reikningsins við stefnanda og tilkynnt honum, að hann væri greiddur með fyrirvara. Þegar stefnandi hafi komið með reikning á dskj. nr. 6, hafi hann verið kallaður til stefnda og spurður að því, hvort hér væri ekki fulllangt gengið, og í framhaldi af því, hvort ekki væri hægt að komast að samkomulagi um sanngjörn kjör fyrir ræstingarnar. Kvaðst stefndi ekki geta greitt 211.000 kr. í laun fyrir skúringar í hálfan mánuð. Hafi svör stefnanda verið á þá leið, að stefndi græddi nóg á áfengissölu og sín laun væru smánarlaun. Í hálfan mánuð kveðst stefndi hafa reynt ásamt yfirmatreiðslumanni sínum, Stefáni Sigurðssyni, að komast að samkomulagi við stefnanda, en án árangurs. Að lokum hafi stefnanda verið sagt, að stefndi gæti ekki greitt þvilík laun og það gengi ekki, að stefnandi ákvæði laun sín sjálfur. Hafi stefnandi ekki mætt til vinnu eftir þetta, og hafi stefnda fundist það eðlilegt. Hafi hann ráðið þriðja aðila í skúringarnar og greitt fyrir það skv. mati, dskj. nr. 14, 80.000 kr.

Rökstuðning sinn fyrir aðalkröfu og varakröfu kveður hann vera eftirfarandi: Kveðst hann halda því fram, að reikningar stefnanda séu ekki sanngjarnir, og því beri sér ekki að greiða þá að fullu. Vísar hann til kaupalaga nr. 39/1922 í því sambandi, einkum 5. og 6. gr. Þau laun, sem stefnandi hafi ætlað að skammta sér fyrir ræstingar í Viðey, hafi numið 211.000 kr. fyrir hálfan mánuð, 422.000 kr. fyrir einn mánuð. Þessir reikningar séu bersýnilega ósanngjarnir. Ekki hafi verið búið að semja um kaup og kjör við stefnanda, hvorki skriflega né munnlega, en það þýði ekki, að hann hafi átt að hafa sjálfðæmi um kaupið. Reyndar sjaist á þeim drögum,

er stefnanda hafi verið afhent strax í upphafi, sbr. dskj. nr. 3, að hugmynd stefnanda um greiðslu á dag þá daga, sem opið hafi verið, hafi verið um það bil 4-5 þúsund krónur. Stefnandi rukki stefnda hins vegar um 15.000 kr. fyrir hvert skipti. Hafi stefnandi því hækkað sig um 200%, frá því að hann tók að sér skúringarnar. Vert sé að hafa í þessu sambandi í huga gildandi taxa fyrir tímamælt ákvæði í ræstingarvinnu skv. launatöxtum Verkakvennafélagsins Framsóknar í september 1988. Hann hafi verið frá 314,52 kr. til 379,35 kr. eftir því, hvort um dag- eða eftirvinnu hafi verið að ræða.

Gerðar hafi verið athugasemdir við stefnanda, strax og hann framvísaði fyrsta reikningnum, enda hafi hann ekki fengið þann reikning greiddan þvert á venju. Honum hafi strax verið tilkynnt, að stefndi ætlaði sér ekki að greiða svo gífurlega fyrir skúringar. Jafnframt hafi verið að því fundið við hann, að hann vann verk sitt í næturvinnu, en honum hafi verið sagt að vinna það, eins og kostur væri, í dagvinnu. Að sögn starfsfólks stefnda hafi stefnandi gjarnan komið út í Viðey um kl. 22 á kvöldin og „hékk yfir gestunum, þangað til þeir síðustu fóru“. Hafi hann oftast lesið bækur þangað til. Þó hafi komið fyrir, að hann svæfi. Því mun furðulegri sé þessi vinnutími stefnanda, þegar það sé virt, að ferðir hafi verið út í eyju, bæði þegar síðustu gestir voru sóttir um kl. 1 eða síðar og einnig alla morgna þann tíma, er stefnandi skúraði fyrir stefnda, sbr. dskj. nr. 17 og nr. 20. Hafi verið ætlast til þess, að stefnandi notaði sér þær ferðir. Ef einhver annar tími hentaði stefnanda, hafi honum verið sagt að hafa samband við Hafstein Sveinsson, ferjuaðilann, því að Reykjavíkurborg hafði skuldbundið sig til þess að koma honum út í eyju, þegar hann vildi, sbr. dskj. nr. 17.

Ferjan hafi farið út í eyju nær undantekningarlaust kl. 8 á morgnana, og ef það hafi brugðist, þá kl. 9 eða 10. Stefnandi hafi vitað það, að það átti að skúra í dagvinnu, ekki næturvinnu. Honum hafi verið tilkynnt það, er hann hóf störf, og einnig hafi hann átt að vita það eftir störf sín á Hótel Óðinsvéum, en þar sé skúrað á morgnana.

Stefnandi reyni í greinargerð sinni að gera lítið úr mati Helga G. Þórðarsonar verkfræðings og segi matið unnið eftir einhliða upplýsingum stefnda og að stefnandi hafi ekki átt þess kost að leggja orð í belg. Hér verði að líta til þess, að ekki var verið að leggja mat á flókið ágreiningsefni, heldur var beðið um tímamælingu á ræstingu í Viðeyjarstofu. Sé það reiknað út frá stærð þess svæðis, sem um sé að ræða, og tegund gólfefnis. Hvort tveggja hafi verið látið í té, eins og sést á matinu. Hér þurfi því ekki vitnaleiðslur eða framsögu. Helgi G. Þórðarson verkfræðingur sé alvanur matsgerð sem þessari, og hafi Verkakvennafélagið Framsókn bent á hann sem réttan aðila til að gera mat sem þetta.

Stefnandi segi í greinargerð sinni, að hann hafi þurft að losa sig við öll önnur verkefni, þegar hann hafi tekið til starfa í Viðey. Hann krefjist síðan bóta vegna „fyrirvaralausrar uppsagnar“, 270.000 kr. Þessi krafa eigi ekki við nein rök að styðjast. Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið verktaki hjá stefnda, og í öðru lagi hafi stefnanda verið sagt þegar í upphafi, að ekki væri vitað, hversu mikil aðsókn yrði út í Viðey. Honum hafi einnig verið tjáð, að líklega yrði lítið opið um veturinn, þó hugsanlega um helgar og þegar Reykjavíkurborg æskti þess. Hvort stefnandi hafi sagt upp öðrum störfum, sé algerlega hans mál. Það hafi verið algjör óvissa um það, hvenær yrði opið í Viðey, og stefndi hafi því engan hag haft af því að segja stefnanda eitthvað annað.

Niðurstaða

Aðilar eru sammála um, að stefnandi hafi unnið verkið sem verktaki, og verður því við það miðað, þótt tilhögun líkist meira vinnusamningi að ýmsu leyti.

Endanlegur samningur um verklaun hafði ekki verið gerður með aðilum, en lögð hafa verið fram í málinu tvenn drög að samningi. Upplýst er, að þau hafa verið unnin á tölvu stefnda að fyrirsögn stefnanda, og er hið fyrra skjal með skriflegum athugasemdum Bjarna I. Árnasonar. Þessar breytingar hafa verið færðar inn á tölvuna og skjalið síðan prentað út aftur og er þannig svohljóðandi:

„Ræstingar vegna Viðeyjar.

Hvað á að þrifa.

a. Jarðhúsið (kjallarinn): Þar á að þrifa almenningssalernin, fatahengið, stigann og ganginn að vinnuherbergjum þjónustufólks, fataherbergi, snyrtingar og vinnuherbergi.

b. Veitingasalurinn á fyrstu hæð: Þar á að þrifa veitingasalina, aðalinnanganginn og hátíðarinnanganginn og stigann upp á ris, eldhúsið, þjónaherbergið og inngang í eldhús.

c. Ráðstefnusalurinn: Þar á að þrifa allt gólfplássið.

Hvenær þrif eiga að fara fram.

Jarðhúsið þarf að þrifa á hverjum degi frá 1. júní til 30. september, nema húsið hafi verið lokað. Á öðrum tíma árs þarf að þrifa jarðhúsið þá daga, sem húsið hefur verið notað.

Veitingasalinn þarf að þrifa eftir lokun veitingasalarins föstudaga til sunnudaga 1. júní til 30. september, mánudaga til fimmtudaga einungis, ef salurinn hefur verið notaður eftir kaffitímann (þ.e. frá 2-6).

Ráðstefnusalurinn: Eftir ráðstefnur og veislur og aðrar samkomur, sem þar eru, svo að næstu gestir komi að salnum hreinum.

Hvernig haga á hreingerningum.

Verður skilgreint nánar, þegar reynsla liggur fyrir.

Kvaðning.

Vinnuplan liggja fyrir að mestu fyrir hálfan mánuð fram í tímann í senn. Breytingar séu tilkynntar með viku fyrirvara, sé þess nokkur kostur.

Endurgjald.

Jarðhúsið: Áætl. vinnutími 1-2 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr. til 2.000 kr.

Veitingasalurinn: Áætl. vinnutími 1 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr.

Ráðstefnusalurinn: Áætl. vinnutími 1. klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr.

Ferðagjald 1.000 kr.“

Á dómskjali því, sem liggur frammi í málinu með þessum samingsdrögum og lagt er fram af stefnanda, hefur síðasta kafla verið breytt af stefnanda þannig;

„Endurgjald.

Jarðhúsið: Áætl. vinnutími 3-5 klst. Áætl. endurgjald 1.000 kr. til 5.000 kr.

Veitingasalurinn: Áætl. vinnutími 4 klst. Áætl. endurgjald 4.000 kr.

Ráðstefnusalurinn: Áætl. vinnutími 3 klst. Áætl. endurgjald 3.000 kr.

Ferðagjald 3.000 kr.“

Samkvæmt þessu telur stefnandi ræstinguna taka 10-12 klst. og áætla endurgjald 11.000 kr. til 15.000 kr. að meðtöldu ferðagjaldi, 3.000 kr. fyrir hvert skipti. Stefnandi sagði í skýrslu sinni fyrir dóminum, að þessar breytingar væru þannig til komnar, að hann hefði vanmetið umfang verksins, þegar hann fór fyrst á staðinn til þess að líta á aðstæður, en hefði gert þessar leiðréttingar og komið þeim á framfæri við starfsmann Brauðbæjar, strax og sér hafi orðið ljóst, hversu langan tíma þetta tæki.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið kominn á samningur við stefnanda, óskað hafi verið eftir tilboði, en hvorugt þeirra tilboða, sem hér er frá greint, hafi verið samþykkt, hafi tímafjöldi og endurgjald verið talið of hátt.

Af framburði stefnanda sjálfs fyrir dóminum er ljóst, að reikningi stefnanda vegna vinnu í ágúst var mótmælt af hálfu stefnda sem of háum. Með

vísan til þessa framburðar stefnanda verður ekki á það fallist, að stefndi hafi með greiðslu reikningsins samþykkt áætlun stefnanda um endurgjald fyrir verkið.

Upplýst telst, að umfang verksins hafi verið óljóst í byrjun og að reynslan hafi átt að leiða það í ljós, hversu mikið það væri. Af hálfu stefnda var ekki fallist á hugmyndir stefnanda, er hann framvísaði reikningi eftir fyrsta hálfa mánuðinn. Hins vegar þykir ósannað, að Bjarni I. Árnason hafi gert athugasemd við tíma og greiðsluáætlun stefnanda, er hann yfirfór fyrra tilboð hans, fjárhæðina 1.000 kr. fyrir hvern unninn tíma miðað við, að verkið tæki 3-4 tíma, að viðbættu ferðagjaldi, er samsvaraði einni klukkustund, eða sem svarar 5.000 kr. fyrir hvert skipti, væri allt unnið samkvæmt verklýsingu. Miðað við þær upplýsingar, er fyrir liggja um stærð húsnæðisins og umfang verksins og þegar hliðsjón er höfð af úttekt Helga G. Þórðarsonar verkfræðings, þar sem heildarákvæðistími við ræstingu Viðeyjarstofu er talinn vera að meðaltali 6 3/4 klst. á dag með handverkfærum, en 5 1/4 klst. á dag, sé notuð vél til gólfþvotta, þykir ljóst, að verkið hafi tekið lengri tíma en stefnandi áætlaði í upphafi. Verk stefnanda sem slíkt var ekki metið með ofangreindri úttekt. Stefnandi bar sjálfur fyrir dóminum, að þegar allt hafi verið þrifið, hefðu farið 8 til 10 klukkustundir í verkið sjálft, sem er nokkru minna en sú áætlun, er hann byggir reikninga sína á. Stefnandi vann áður hjá stefnda við ræstingar á veitingastaðnum Óðinsvéum, og telst upplýst, að hann hafi þá fengið greitt fyrir hvert skipti 3.255 kr., sem hafi verið áætlað miðað við 600 kr. til 700 kr. á tímann fyrir 5-6 tíma vinnu ásamt ferðapeningum.

Reikningar stefnanda eru ekki sundurliðaðir, hvorki getið tímafjölda né tímakaups, en krafist ákveðinnar fjárhæðar fyrir hvert skipti, að jafnaði 15.000 kr., en stundum 8.000 kr. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um verkið og umfang þess, og þeirrar úttektar, sem gerð var á ræstingu Viðeyjarstofu af Helga G. Þórðarsyni verkfræðingi, þykir ljóst, að reikningar stefnanda séu ósanngjarnir, og verða þeir því ekki lagðir til grundvallar fyrir því, sem ógreitt er, skv. meginreglu 5. gr. laga 39/1922.

Þegar allt það, sem hér að framan er rakið, er haft í huga og það að auki, að stefndi lét það viðgangast, að stefnandi ynni áfram, eftir að ljóst var, að ágreiningur var um endurgjald fyrir vinnuna, án þess að gengið væri frá endanlegum samningi við hann, og að ósannað er, að stefndi hafi lagt fyrir stefnanda, að verkið skyldi unnið í dagvinnu, þykir eftir atvikum rétt að ákveða stefnanda endurgjald fyrir verkið frá 1. september 1988 til 3. október 1988 þannig; 700 kr. á klst. í 8 tíma 24 sinnum, en í 4 tíma 9 sinnum, og eru reikningar stefnanda þá lagðir til grundvallar varðandi unna daga og full þrif eða að hluta auk 33 tíma vegna ferða, samtals 182.700 kr.

Pótt ekki hafi verið á það fallist, að stefndi hafi með greiðslu reiknings vegna ágústmánaðar samþykkt kröfu stefnanda, verður, þar sem greiðslurnar eru inntar af hendi án skriflegs fyrirvara, að líta svo á, að um endanlegt uppgjör vegna ágústmánaðar hafi verið að ræða, enda er það tekið fram á síðari greiðslukvittun, að greitt sé vegna vinnu við ræstingu í ágúst.

Þar sem stefnandi vann verkið sem verktaki, þykir hann þegar af þeirri ástæðu ekki eiga rétt á launum þann tíma, sem hann beið eftir að geta hafið störf úti í Viðey.

Af sömu ástæðu átti hann ekki rétt á uppsagnarfresti. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs hótaði hann oft en einu sinni að hætta störfum, fengi hann ekki greitt það, sem hann setti upp. Telja verður, að honum hafi mátt vera ljóst frá 1. september 1988, er hann framvísaði fyrsta reikningi sínum, að stefndi var ekki reiðubúinn til samninga á þeim grundvelli, er þar var krafist. Þykir eigi sannað, að stefnda verði kennt um verkslitin, svo að bótaskyldu varði. Enn fremur hefur stefnandi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra.

Dráttarvextir reiknast á tildæmda fjárhæð frá 3. nóvember 1988 til greiðsludags skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Þegar atvik máls þessa og niðurstaða eru virt, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Brauðbær, greiði stefnanda, Eric Earnest Burgeson, 182.700 kr. ásamt vöxtum frá 3. nóvember 1988 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Málkostnaður fellur niður.
